

Skólaráð

Skólaráð 16. mars 2015

43. fundur

Fundur settur kl. 8.10

Mætt voru: María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Margrét Hanna fulltrúi foreldra og Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags og Nína Margrét Daðadóttir, fulltrúi nemenda.

1. Skóladagatal skólársins 2015 - 2016
2. Skólamatur
3. Önnur mál

1. Skóladagatal skólaársins 2015 - 2016: Farið yfir skóladagatal næsta skólaárs. Ákveðið var að hafa áfram tvo fundardaga að hausti með foreldrum 1. bekkinga og taka út einn skertan dag að vori í staðin. Mikilvægt að láta vita af þessum dögum þegar við hittum foreldra væntanlegra 1. bekkinga í vor. Mikið rætt um námsmatsdaga í unglíngadeild hvort þau verði lögð fyrir í desember eða í janúar. Ólöfu Kristínu þótti þetta ekki vera góð hugmynd vegna anna foreldra á þessum tíma árs. Rök kennara fyrir þessum breytingum eru m.a. þau að vorönnin byrji full seint vegna prófa sem verið hafa í janúar. Nínu þótti hugmyndin að prófum í desember vera góð þar sem námsefnið er þá ferskt í þeirra huga. Eftir að rædd voru rök með og á móti var ákveðið að prófin yrðu í desember á næsta ári og svo yrði það metið að ári hvernig til tókst. Vetrarfríð var rætt og m.a. að hjá sumum fylgir vetrarfríinu streita. Það komast ekki allir foreldrar í frí á þessum tíma. Bent á að passa vel að leggja ekki fyrir próf eftir böll.

2. Skólamatur: Fundarlið frestað.

3. Önnur mál: Ábending um mikilvægi þess að kaupa skóhorn í anddyri skólans.

Fundi slitið kl. 09:30

Sif Stefánsdóttir ritaði fundargaerð.